

VAL haustönn 2021

**Opið fyrir val
1. – 9. mars**






ÍSLE3ÁS05 Ástarsögur
Valáfangi á haustönn2021

Viðfangsefni áfangans eru ástarsögur sem bókmenntagrein. Nokkrar vel valdar sögur verða lesnar og einkenni slíkra sagna skoðuð.

Lesnar verða 3 ástarsögur, íslenskar og þýddar frá ýmsum tímum, auk einnar kjörbókar sem nemandi velur sjálfur.

Kvikmyndir sem tengjast efni áfangans verða einnig sýndar.

Áfanginn er próflaus en einkunn gefin fyrir virkni og gæði verkefnavinnu.



Skrefað og skrifað

VAL

Sambætting útivistar og skapandi skrifa Gönguferðir um framandi og kunnugar slóðir

Markmið: Meginmarkmið áfangans er tvíþætt. Í fyrsta lagi eiga nemendur að efla samband sitt við umhverfið með því að kynnast nánar og af eigin raun náttúru og sögu Akraness og nágrennis. Í öðru lagi eiga þeir að bæta færni sína í því að koma upplifun sinni í hentugan búning með persónulegum frásögnum, ljóðum, myndverkum, ljósmyndum o.fl.


Kennsluform: Kennslan fer fram bæði úti og inni. Farið verður í nokkrar gönguferðir þar sem nemendur fá tækifæri til að fræðast um ýmislegt sem á leið þeirra verður. Að því búnu eiga þeir að setja saman hugleiðingar frá eigin brjósti um upplifun sína og skila af sér vönduðum texta ásamt öðru efni. Gert er ráð fyrir því að textinn verði sambland af ýmiss konar fróðleik og skáldlegum prósa. Þá er og viðbúið að þátttakendur fái tækifæri til að finna sköpunargáfunni farveg í ýmsum öðrum greinum s.s. ljóðlist, myndlist, ljósmyndun o.fl.

Námsmat. Áfanginn er próflaus og einkunn gefin fyrir virkni í gönguferðum og gæði verkefnavinnu.

UMHV2UN05

Umhverfisfræði fyrir alla

- Umhverfisfræði nútímans
 - Viltu bjarga heiminum?
 - Viltu læra allt um umhverfisslys, Bhopal, eiturefni, loftslagsbreytingar, Chernobil, mengun, baráttu Grétu, gróðurhúsaáhrif, eyðingu ósonlagsins, Minamata, súrt regn, Fukushima, útdauða tegunda, minnkandi jökla - hvað varð um Okið? Súrnun sjávar, hækkun sjávarborðs, eyðing jökla, endurnýjanlega orkugjafafa
- Námsmat:
 - Sí mats- og verkefnaáfangi





LÍFF3RI05

Ritgerðaráfangi í líffræði

- Ritgerðaráfangi ætlaður langt komnum nemendum, af náttúrufræðibraut.
- Reiknað er með að nemandi hafi lokið að minnsta **kosti tveimur líffræðiáföngum og öðrum raungreinum til viðbótar.**
- Nemandi velur ritgerðarefni á sviði náttúrufræði sem hann hefur mikinn áhuga á og kennari samþykkir.
- Nemandi finnur síðan heimildir, semur og setur upp fræðilega ritgerð um efnið. Þannig lærir hann að semja heimildaritgerð, öðlast þjálfun í að leita heimilda, meta gæði þeirra og vinna úr þeim.
- Um leið aflar hann sér þekkingar og dýpri skilnings á viðfangsefni ritgerðarinnar. Þetta á að veita góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi.

LÍOL2SS05


Líffæra og lífeðlisfræði mannsins

Markmiðið er að nemendur hafi yfirlit yfir byggingu mannslíkamans og grundvallarskilning á starfsemi hans.

Fjallað verður um nokkur líffærakerfi og samspili þeirra í viðhaldi á samvægi (homeostasis) í líkamanum.

Ganglegur og góður áfangi ef þú vilt fræðast um starfsemi líkmanns.

Húð, bein, vöðvar, innkirtlar (hormón) og taugakerfi.





MENNTAMASKÍNA

MEMA3MM05

Menntamaskína er nýsköpunarhraðall þar sem þróaðar eru snjallar hugmyndir og þeim komið í verk.

Í Menntamaskínu fá nemendur í framhaldsskóla tækifæri á því að nýta hugvit sitt til að leita lausna, í þverfaglegu samstarfi við sérfræðinga og hagsmunaaðila.


**Þekkingarsprettur – Hönnunarsprettur – Tæknisprettur -
Þróað og prófað - Lokasprettur**

Utan stundatöflu



LEIK1LE05

Viltu læra leiklist ?



EFNA3JL05

Rafefnafræði

Undanfari EFNA2EH05

Í þessum skylduáfangi sem er á 3. þrepi er aukin áhersla á að nemendur geti nýtt sér markvisst fyrri þekkingu, sýni sjálfstæðari vinnubrögð og tengi saman fleiri og flóknari efnispætti. Efnispættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: efnafræði lofttegunda, jafnvægi í efnahvörfum, sýrur og basar, jafnalausnir, títranir og leysnimargfeldi, orka í efnahvörfum, oxun og afoxun og rafefnafræði

Símat



LÍFF3ML05 Mannalíffræði

Undanfari: LÍFF2GR05

Áfanginn á að veita nemendum greinargott yfirlit yfir mannsævina. Nemandinn á að loknum þessum áfanga að hafa öðlast þekkingu og skilning á þroskun mannslíkamans frá getnaði til elliára og dauða. Nemandinn þarf að hafa yfirlit yfir vöxt og þroska barns og þekkja þroskabreytingar á unglingsárum hjá báðum kynjum, bæði hvað varðar líkamsgerð, kynþroska og kynstarfsemi. Farið verður yfir þróun líkamans fram á miðjan aldur, með áherslur á nútíma lífshætti og vandamál. Efri ár, öldrunarbreytingar og helstu vandamál henni tengd. Að lokum aðdragandi dauða og dauði sem eðlilegt ferli.

Símat

Umhverfisfræði – UMHV20F05

Efni áfangans

Framtíð jarðarinnar og mannkyns

Umhverfisslys

Helstu umhverfisvandamál

- Heimurinn - Ísland

Hnignun vistkerfa

Sjálfbærni

Vistvænir lifnaðarhættir

Hverju skilar áfanginn?

Innsýn og næmari skilningi á stöðu mannsins og áhrif hans á vistkerfi jarðarinnar

Þekking á áhrifum einstaklingsins á umhverfið

Hvað getum við get hvert og eitt til að tryggja framtíð





Valáfangi í skák á haustönn 2021 SKÁK1SB05

Viltu læra að tefla? Langar þig til að verða betri í skák?
Þá er þetta áfangi fyrir þig!
Áhersla verður lögð á skákpjálfun þ.e. að nemendur æfi sig í að tefla í tímum.
Kennd verða undirstöðuatriði í skák, skákbyrjanir o.fl. Áfanginn er símatsáfangi (án lokaprófs) og stendur öllum nemendum skólans til boða og nýtist sem valáfangi á öllum brautum.
Rannsóknir hafa sýnt að skákiðkun þjálfar heilann og hefur góð áhrif á árangur í námi.

"Ástæðan fyrir því að ég byrjaði að tefla skák er að þá þurfti ég ekkert að hlaupa". (Simpson)

(Í þrautinni hér að ofan á hvítur að máta í þremur leikjum með biskup – eftir drottningarfórn og tvískák. (Tvískák pýðir að hvítur skákar með tveimur mönnum í einum leik)

JARÐFRÆÐI – JARF2JA05

Efni áfangans

- Saga jarðfræðinnar
- Flekakenningin
- Jarðskjálftar
- Virkni jarðar – eldgos og jarðskjálftar
- Mótun landsins – jöklar, ár og vindar
- Sérstök áhersla á jarðfræði Íslands

Af hverju þarf ég áfangann?

- Áfanginn veitir ágætt yfirlit yfir jarðfræði heimsins og tengst jarðfræðilegrar virkni við landslag og svæði jarðar.
- Fjallað er um öfl sem móta yfirborð jarðar og hafa áhrif á daglegt líf fólks svo sem eldgos, jarðskjálfta, jökla og fallvötn.
- Þekking á þessum fyrirbærum nýtist öllum sama hvað á dagana drífur!

Hagnýt næringarfræði

NÆRI1GR05

- Í áfanganum er rýnt í **hollustu**, **máltíðaskipulag**, merkingar matvæla og innihaldslýsingar, eldamennsku, **upplýsingalæsi**, **ýmsar mýtur/tískubólur um mataræði**, **næringu og íþróttir**, **svefn**, **koffín**, almennar ráðleggingar um mataræði og **heilsu og holdafar**
- Ýmis hagnýt ráð varðandi t.d. máltíðir og fæðuval og farið saman í **búðarferðir**
- Þjálfun í að **velja hollari valkostinn**, að **gera uppskriftir hollari** og umfram allt að **BÆTA EIGIÐ MATARÆÐI**
- **Engar forkröfur** – áfanginn er opinn nemendum af öllum námsbrautum
- Námsmat: **Símat**
- Grunnáfangi í næringarfræði - Kennari: Gréta (MPJ) ☺

EÐLI2EN05

Efni áfangans

- Hreyfifræði
- Kraftar
- Orka og vinna
- Skriðpungi
- Þrýstingar


Af hverju þarf ég áfangann?

- Áfanginn er kynning á eðlisfræðinni sem fræðigrein en auk þess er þessi áfangi undirbúningur undir frekara nám á mörgum sviðum svo sem heilbrigðisgreinum, raunvísindum og í tæknigreinum.






LISTASAGA • LIST2HV05



Í þessum áfanga kynna nemendur sér helstu forsendur, straumar og stefnur á sviði myndlistar, hönnunar og byggingalistar frá hellaristum til samtímalistar, í samhengi við sögu, tækni framfarir og þjóðfélagsmynd hvers tíma.



TÓMSTUNDAFRÆÐI – TÓMS2BU05

- Farið er yfir helstu kenningar í tómstundafræði með áherslu á born og ungmenni.
 - Saga og þróun frístundastarfs á Íslandi
 - Hvað eru tómstundir?
 - Hópefli
 - Leiðtogar og stjórnendur
 - Forvarnir og forvarnastarf
- Fjölbreytt námsmat
- Símat

Jákvæð sálfræði


SÁLF2JS05

Markmið áfanga eru tvíþætt:

1. **Kynna vísindalega hlið jákvæðrar sálfræði**
2. **Ástunda það sem fræðin hafa kennt að hjálpar fólki blómstra í einkalífi og vinnu/ skóla**

Þetta er óhefðbundinn áfangi með mikilli sjálfsvinnu, dagbókarskrifum og þess háttar en engum prófum

Ávinningur nemanda: Aukin sjálfsþekking, meiri vellíðan í eigin skinni, og mjög líklega betri sjálfstjórn og einbeiting.



3.stigs Valáfangi í stærðfræði STÆR3ÁT05

Efni áfangans er tölfræði þar sem kannaðar eru ýmsar dreifingar gagna. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist því hvernig nota má tölfræði til að líkja eftir ýmsum fyrirbærum og spá fyrir um framvindu þeirra miðað við gefnar forsendur.

Helstu efnisatriði áfangans eru: Tvíliðadreifing, Normaldreifing, t-dreifing, F-dreifing, fylgni og línuleg aðhvarfsdreifing.

Áfanginn er símatsáfangi (ekki lokapróf) sem byggir mest á hópverkefnum

Nánari upplýsingar hjá stærðfræðikennurum



3.stigs
Valáfangi í stærðfræði á
Haustönn 2021
Yfirlitsáfangi STÆR3YS05
Undanfari STÆR3DI05

Helstu efnisatriði í áfanganum
eru:

- Breiðbogaföll – Rúmmál –
Bogalengd – Yfirborðsmál –
Varpanir – Pólhnitakerfið –
Tvinntölur - Diffurjöfnur
- Áfanginn er símatsáfangi
(ekkert lokapróf) sem byggir
mest á hópverkefnum
- Nánari upplýsingar hjá
stærðfræðikennurum.

EMPO2EX05

Sjálfsefning – Empowerment, ævintýri

Sjálfsefning til sanngilda samskipta við sjálfan sig og aðra-

- Tengdu við innri áttavitann þinn
- Lærðu að þekkja & tjá á árangursríkan hátt:
 - Hvað þú vilt
 - Hvað þú vilt ekki
- Auktu sjálfstraust til að tjá þig á einlægan og hjartnæman hátt
- Umbreyttu samanburði & samkeppni í virðingu & samvinnu
- Og það sem mestu máli skipti, kynnstu þér betur!

Áfanginn er kenndur á ensku, en annar kennarinn talar íslensku og getur þýtt og útskýrt á íslensku eftir þörfum. Kennsla fer að mestu fram í gegnum upplifun, þ.e. æfingar, leiki og iðkun.

Námskeiðið fer fram utan hefðbundinnar stundatöflu.

Kennarar: Áróra og Kadesh



Hljóðtækni, mix og sánd

HLJT2HB05

- Hljóðupptökur, hljóðvinnsla
- Kennt í námskeiðsformi og hljóðblöndun í stúdíói
- Kennt er á upptökuforritið *Logic* einu



með Tónlsk Akraness

Námsmat: t.d. gera hlaðvarp, mixa upptöku

Upptökur, klippivinna

Kennt á völdum föstudögum í 4 klst í



ENSK3KB

UNDANFARI: ENSK3FA

Kvikmyndir

Leikstjórar

Skoðum aðlögun skáldverka
(film adaptations) – eitt verk
er skyldulesning - hitt að eigin
vali

Saga kvikmynda – stiklað á
stóru

SÍMAT

GAGNRÝNIN HUGSUN



EVRO2BE05 Berlín – menning, mannlíf og saga

Viltu verða Berlínarsérfræðingur?

Þá er EVRÓ2BE eitthvað fyrir þig!

Við kynnum okkur m.a. sögu Berlínar, merkilegustu staðina í Berlín og annað sem vert er að skoða og gera í þessari mögnuðu borg...og ef covid19 leyfir þá förum við í menningarferð til Berlínar.

Símat og fjölbreytt verkefnavinna og ... fullt af fróðleik

Undanfari: þýsk1BP05 (þýsk1AU þá tekinn samhliða EVRÓ)



Þýsk2HS05

Vissir þú...

að það vantar þýskumælandi fólki á Íslandi?

að það felast ótal atvinnutækifæri í því að kunna þýsku?

að það er "total cool" að vera góður í þýsku?

Fjölbreytt námsmat - þemavinna - talað mál - ritun - textar - myndefni - landafræði - menning - kvikmynd(ir) - samvinnunám og margt, margt fleira.

Undanfari: þýsk1HL

Kennari: Kristín K.



- Hvernig á að beita skynsemi og rökhugsun í námi og í daglegu lífi
 - Gagnrýnin hugsun
 - Rökfræði og rökfullur
 - Hvernig á að hugsa um undarlega hluti
 - Fjölmiðlalæsi
 - Málefni líðandi stunda í nýju ljósi
- Fjölbreytt námsmat
- Símat

SKYNSEMI OG SKYNSEMISSBRESTIR –
FÉLA2SS05

ÍÞRÓ1FS01 – Flot og sjósund

Flot í Bjarnarlaug

- Flotið um laugina með sérstökum búnaði og slakað á
- Markmiðið er að gleyma stund og stað og ná djúpslökun
- Flot er endurnærandi og losar um spennu í líkamanum

Sjóböð og Guðlaug

- Nokkur skipti í ágúst, eftir því sem veður leyfir
- Farið yfir það helsta sem hafa ber í huga þegar sjóböð eru stunduð
- Farið í sjóinn og svo í Guðlaugu á eftir
- Kuldi hefur jákvæð áhrif á ýmsa líkamsstarfsemi

Flottímar eru kenndir á fimmtudagskvöldum kl. 19.30 en sjósund seinni part dags



UPPE3PE05

Undanfari: UPPE2UM05

Markmið áfangans er að nemendur fái innsýn í og kynnist ýmsum þeim erfiðleikum sem unglingar glíma við, t.d. kvíða. Hugsanlegar orsakir og afleiðingar ásamt forvörnum. Sömuleiðis eiga nemendur að fá þjálfun í að afla sér heimilda og vinna sjálfstætt að upplýsingaöflun og flutningi efnis.

Kynjafræði KYNJ2KY05

Markmið áfangans er að nemendur átti sig á stöðu kynjanna í samfélaginu, að þeir geti skoðað líf sitt út frá kynjasjónarmiðum, og geti áttað sig á birtingarmyndum ójafnréttis í samfélaginu.

Skoðað verður hvernig auglýsingar, stjórnmál, nám, klámvæðing, ofbeldi og margt fleira ýta undir kynjamismunun.

Kennari: Ólöf H. Samúelsdóttir

KYNH2KL05

Kynheilbrigði og lífsstíll

- **Kynheilbrigði - áherslur**

- Hvað er kyn? Kyngervi? Kynvitund?
- Kynhneigð? Kynsegin?
- **Allt sem þið viljið vita um kynlíf!**
- Heilbrigð sambönd! Sjúk ást
- Ábyrgð og afleiðingar

- **Lífsstíll - áherslur**

- Heilbrigður líffstíll s.s. næring, svefn, hreyfing
- Áhættuhegðun
- Markmiðasetning
- Geðheilbrigði

- Áfanginn verður kenndur í símati



Viðskiptalögfræði (LÖGF2VL05)

Kennari: Aldís Ýr Ólafsdóttir

2. þreps áfangi

Símat – ekkert lokapróf



Áhersla er lögð á kynningu á lögum og reglum sem tengjast viðskiptalífínu.

Áfanginn miðar að því að gefa nemendum innsýn í umfang löggjafar á þessu sviði og þekki helstu meginreglur hennar auk umfjöllunar um sifja- og erfðarétt.

Dæmi um efni:

- ✚ Hvað er lögfræði?
- ✚ Dómstólar
- ✚ Barnaréttur
- ✚ Samningagerð og umboð
- ✚ Stofnun og slit hjúskapar
- ✚ Erfðir
- ✚ Fasteignakaup
- ✚ Réttindi og skildur á vinnumarkaði



Landfræði LAND2HA05

Ohhh....so you are from GúrumGúrum...that is in Copenhagen isn't it?

Excuse me...do you know the road to Eggilsstaðir?



Hvar er Hnífsdalur

VAL

VAL

Fjármál ungs fólks – fjármálalæsi
(FJÁR1FU05)

Kennari: Aldís Ýr Ólafsdóttir

Grundvallaratriði í fjármálum

Símat – ekkert lokapróf!

1. þreps áfangi



LJÓSMYNDUN OG MYNDVINNSLA • LJÓS1ÁL05



Lærum að nýta myndavélina í snjallsímanum á skapandi hátt sem vinnutæki.

Farið verður í listræna hlið ljósmyndunar, unnið með myndbyggingu, litafræði, lýsingu, formfræði og nálgun myndefnis.

Verkefni áfangans miða að því að nemendur öðlist færni í að taka betri myndir á síma ásamt því að öðlast leikni í stafrænni myndvinnslu í tölvu þar sem notuð eru opin og frí myndvinnsluforrit. Unnið er með mismunandi aðstæður og birtu, inni og úti.

